

53. ársþing Badmintonsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni Laugardal, B/C sal.
11. júní 2026 kl. 17:00

Dagskrá þingsins var samkvæmt 8. grein laga Badmintonsambands Íslands.

1. Þingsetning

Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, setti 53. Ársþing BSÍ og bauð þinggesti velkomna.

2. Kosning kjörbréfanefndar

Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, gerði tillögu um Guðrúnu Björk Gunnarsdóttur, Önnu Lilju Sigurðardóttur og Ástþór Magnús Þórhallsson í kjörbréfanefnd og var það samþykkt af þingfulltrúum. Nefndin tók þegar til starfa.

3. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, gerði tillögu um Hörð Þorsteinsson sem fyrsta þingforseta og Gunnar Petersen sem annan þingforseta, og voru þeir samþykktir af þingfulltrúum. Þingforsetar tóku því næst við þingstjórn.

4. Kosning fyrsta og annars þingritara

Þingforseti gerði tillögu um Arnór Tuma Finnsson sem fyrsta þingritara og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir sem annan þingritara, og voru þau bæði samþykkt af þingfulltrúum og tóku þegar til starfa. Þingforseti ber undir þingið hvort kjörbréfanefnd fái að gera grein fyrir störfum sínum síðar á þinginu og er það samþykkt samhljóða.

5. Kosning í fastar nefndir

Þingforseti gerði tillögu um að ekki verði skipað í nefndir heldur verði umræður teknar fyrir þingheim.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar

Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Kristján Daníelsson gerir einnig grein fyrir skýrslu mótastjóra. Vegna fjarveru fulltrúa ÍSÍ fór Kristján einnig yfir kynningu ÍSÍ.

Sérstakar þakkir eru sendar okkar styrktaraðilum, fráfarandi stjórnarmönnum, Kjartani Drafnarsyni og Pétri Hemmingsyni ásamt nefndarmönnum á starfsárinu og öðrum sjálfboðaliðum.

Sune Gavnholt, landsliðsþjálfari BSÍ, kom inn á fundinn í fjarfundarbúnaði og gerði grein fyrir skýrslu landsliðsþjálfara.

Óskar Þórðarson, íþróttastjóri BSÍ, flutti skýrslu íþróttastjóra fyrir 2025 og fór yfir plan íþróttasviðs 2026.

Fundargestir sammælast um ályktun til stjórnar að greina hvers vegna badmintonhreyfingin hefur ekki vaxið meira en raun ber vitni.

Ályktun til stjórnar samþykkt samhljóða af fundargestum: Þingið hvetur sambandið til að hefja vinnu á greiningu á og stöðu badmintonhreyfingarinnar á Íslandi í dag í samanburði við fyrri tíma og önnur lönd.

Nýtt stigakerfi kynnt af Kristjáni Daníelssyni. Kristján kallar eftir umræðu um hvort ætti að innleiða nýja kerfið um áramót eða í haust við upphaf keppnistímabils. Fundargestir sammælast um að taka ákvörðun á þinginu um hvora leiðina skyldi fara.

Samþykkt með ótvíræðum meirihluta í atkvæðagreiðslu að hefja innleiðingu stigakerfis fyrir íslenskt badminton strax í haust.

Álit kjörbréfanefndar

Félag	Réttur til þingsetu	Mæting	Þingfulltrúar
Umf. Snæfell, HSH	2	2	Freyja Rut Emilsdóttir Helgi Jóhannesson
Ungmennafélagið Samherjar, UMSE	2	0	
Umf. Þór, HSK	2	0	
Íþróttafélagið Hamar, HSK	4	1	Þórhallur Einisson
Íþróttafélagið Dímon, HSK	3	0	
Badmintonfélag Akraness, ÍA	4	1	Arnór Tumi Finnsson
Badmintonfélag Hafnarfjarðar, ÍBH	7	6	Erla B. Hafsteinsdóttir Anna Lilja Sigurðardóttir Sebastian Vignisson Kjartan Valsson Hulda Hákonardóttir Hörður Þorsteinsson
Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, ÍRB	0	0	
Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur, ÍBR	20	7	Ástþór Magnús Þórhallsson Haukur Þórðarson Pétur Hemmingsen Gunnar Petersen Sigrún Marteinsdóttir Guðrún Björk Gunnarsdóttir Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir
Knattspyrnufélag Reykjavíkur, ÍBR	5	0	
Tennis- og Badmintonfélag Vestmannaeyja, ÍBV	3	0	
Umf. Hrafnkell Freysgoði, UÍA	2	0	
Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar, UÍF	3	1	Óskar Þórðarson
Umf. Skallagrímur, UMSB	3	0	
Umf. Afturelding, UMSK	4	1	Árni Magnússon
Ungmennafélagið Tindastóll, UMSS	2	0	
Ungmennafélagið Katla, USVS	2	0	
Umf. Sindri, USÚ	2	0	
UMF Grundarfjörður	2	0	
Tennis- og badmintonfélag Ísafj.	2	0	
Umf. Narfi	2	0	
Ungmennafélag Bolungarvíkur	2	0	
Umf. Reykdæla	2	0	
Samtals:	80	19	

Kjörbréfanefnd flutti álit kjörbréfanefndar.

Fyrirnefndir 19 fulltrúar frá 7 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt samhljóða.

7. Ársreikningur BSÍ

Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, gerði grein fyrir ársreikningi 2025. Ársreikningur BSÍ er aðgengilegur á heimasíðu sambandsins.

8. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins:

Hjördís Guðmundsdóttir, stjórnarmaður ÍSÍ, flutti erindi fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins:

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun 2026

Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2026.

Umræða um fjárhagsáætlun 2026:

Engar umræður um fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

10. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið

Engar tillögur bárust um lagabreytingar.

11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar

Engar aðrar tillögur bárust stjórninni.

12. Nefndarálit og tillögur, umræður og atkvæðagreiðsla um framkomin mál

- Fjárhagsnefnd fékk ekki þingmál til meðferðar.
- Allsherjarnefnd/mótanefnd fékk ekki þingmál til meðferðar.
- Laganefnd fékk ekki þingmál til meðferðar.

13. Önnur mál

Umræður til annarra mála:

14. Kosning stjórnar

Kosning formanns:

Kristján Daníelsson gaf kost á sér til formanns fyrir næsta tímabil og var það samþykkt samhljóða.

Aðrir stjórnarmenn:

Guðrún Björk Gunnarsdóttir, Haukur Þórðarson og Arnór Tumi Finnsson gáfu kost á sér í stjórn fyrir næsta tímabil. Sebastian Vignisson og Hulda Hákonardóttir komu nýir inn í stjórn, aðrir gáfu kost á sér til endurkjörs fyrir næsta tímabil. Pétur Hemmingsen og Kjartan Drafnarson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Tillögur voru samþykktar samhljóða.

15. Kosning skoðunarmanna

Skoðunarmenn: Hörður Þorsteinsson og Frímann Ari Ferdinandsson og til vara Brynja Kolbrún Pétursdóttir og Gunnar Petersen.

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

16. Kosning fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ

Tillaga frá Herði Þorsteinssyni þingforseta að þessu sé vísað til stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

17. Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir sig.